



Alþingi
Erindi nr. Þ 137/493
komudagur 1. 7. 2009

30. júní 2009
SÍ-53178

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 19. júní 2009 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um kjararáð o.fl., 114. mál, ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna.

Í athugasemdum sem frumvarpinu fylgja segir að meginmarkmið frumvarpsins sé að laga rekstur ríkisins að gjörbreyttum efnahagslegum raunveruleika til þess að mæta stórfelldum tekjusamdrætti vegna efnahagskreppunnar. Frumvarpið mælir fyrir um að við verkefni kjararáðs bætist það verkefni að taka ákvörðun um launakjör forstöðumanna ýmissa hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttarlegs eðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og ýmissa stofnana ríkisins þ.á.m. Seðlabanka Íslands. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að kjararáð skuli gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra.

Aðhald í launakostnaði hins opinbera er mikilvægur þáttur þess að draga úr rekstrarhalla þess og takmarkanir á laun æðstu embættismanna getur verið gangleg leið til þess að stuðla að auknu aðhaldi. Ýmislegt mælir þó gegn því að setja hámark á hlutfallsleg laun embættismanna með tilliti launa ráðherra. Stofnanir á borð við viðskiptabankana, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið búa við samkeppnisumhverfi á vinnumarkaði sem kann að vera ólíkt því sem gildir um embættismenn. Þessar stofnanir þurfa að keppa við einkarekin fjármálafyrirtæki sem ekki lúta sömu takmörkunum. Skemmst er að minnast þess að Fjármálaeftirlitið átti á undanförunum árum erfitt með að halda hæfu starfsfólki vegna þess að fjármálafyrirtækin voru reiðubúin að greiða mun hærri laun. Seðlabankinn glímdi við svipaðann vanda. Þótt staðan sé töluvert önnur tímabundið í kjölfar hruns bankanna er viðbúið að svipuð staða geti komið upp á ný. Lög þurfa að búa yfir sveigjanleika sem stuðla að því að eftirlitsstofnanir ríkisins séu ekki kerfisbundið bornar ofurliði vegna þess að staða þeirra fyrirtækja sem þessar stofnanir eiga að hafa eftirlit með á vinnumarkaði sé mun sterkari. Sama á við um sérstakar ríkisstofnanir sem settar eru á laggirnar vegna endurskipulagningar efnahagslífsins sbr. frumvarp til laga um Bankasýslu ríkisins. Þessar stofnanir verða að geta laðað til sín hæfileikaríka og reynslumikla einstaklinga sem oft þurfa að vinna undir miklu álagi og tímappressu. Þó svo að laun séu ekki eina aðráttaraflíð á slíkt fólk er mikilvægt að stofnanir af þessu tagi fari ekki halloka í samkeppni um mannauðinn.

Töluvert önnur sjónarmið geta gilt um kjör æðstu stjórnenda Seðlabanka en annarra stofnana hins opinbera. Í ljósi þeirra markmiða sem Seðlabönkum eru sett kann að vera æskilegt að ákveða launaviðmið til lengri tíma en annarra stétta, t.d. út skipunartíma Seðlabankastjóra. Þannig mætti t.d. ákveða að laun Seðlabankastjóra hækki ekki meira en sem nemur verðbólgu markmiði (sem felur í sér kaupmáttarrýmun ef verðbólga verður yfir markmiði). Standi vilji

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605


til þess að lækka laun Seðlabankastjóra mætti ná fram raunlækkun með því að halda nafnlaunum óbreyttum í nokkur ár.

Þá má benda á að eigi sú launalækkun sem í því felst að laun yfirmanna í þessum stofnunum séu ekki hærrí en ráðherralaun að ganga niður launastigann gæti eins mikil lækkun og í því felst, til viðbótar umtalsverðri kaupmáttarrýrnun, leitt til þess að einstakir starfsmenn komist í fjárhagslega erfiðleika, sem yrði afar óheppilegt fyrir viðkomandi stofnanir.

Ekki er ljóst hvernig túlka beri orð 2. gr. frumvarpsins "... föst laun fyrir dagvinnu ...". Í athugasemdum kemur fram að aðilum þeim sem kjararáð ákveður laun verður ekki ákveðin sérstök greiðsla á sama hátt og þeim sem starfa samkvæmt kjarasamningum fyrir þá vinnu sem þeir kunna að láta í té umfram 40 klst. dagvinnutíma. Því sé gert ráð fyrir að kjararáð meti laun fyrir þá vinnu sem látin er í té utan hins daglega vinnutíma og talinn er þáttur í venjubundnu starfi viðkomandi aðila. Í því sambandi ber ráðinu að meta hvaða störf teljist aukastörf sem launa beri aukalega og hvaða störf tilheyri aðalstarfi. Samkvæmt þessu eru til aukastörf sem launuð verða aukalega sem bætast mun við föstu launin fyrir dagvinnu. Eins og staðan er í dag eru flestir yfirmenn og sérfræðingar á föstum launum sem i raun felur í sér kröfu um ótakmarkað vinnuframlag. Vinnuframlag flestra þessara starfsmanna hefur verið gríðarlega mikið í kjölfar fjármálakreppunnar. Nái frumvarpið fram að ganga skapast hætta á að laun yfirmanna ríkisstofnana verði ógagnsæ og samræmi í launagreiðslum til þeirra raskist þar sem tilhneigingin kann að verða sú að skilgreina fleiri og fleiri störf sem aukastörf sem launa beri aukalega.

Að lokum vekur Seðlabankinn athygli á að ljósi þess að á Alþingi er til umræðu þingsályktunartillaga um aðild að Evrópusambandinu væri æskilegt að leita álits Evrópska seðlabankans (ECB) á ákvæðum laga um kjör Seðlabankastjóra. Innan Evrópska seðlabankakerfisins (ESCB) er lögð afar rík áhersla að slík ákvæði tryggi sjálfstæði Seðlabanka. Aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu krefst þess að lög um Seðlabanka Íslands verði aðlöguð þeim kröfum sem gerðar eru til Seðlabanka innan EMU.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Svein Harald Öygard
seðlabankastjóri